

Eintak án trúnaðar

Ákvörðun nr. 19/2022
Miðvikudagur, 3. ágúst 2022

Kaup Egg ehf. (BL ehf.) á Mítru ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Egg ehf. (hér eftir „Egg“) og Mítru ehf. (hér eftir „Mítra“). Við samrunann eignast Egg 100% í rekstri Mítru. Egg er eignarhaldsfélag, sem á 95% hluta í BL ehf., 93% í Egg fasteignum ehf. og 83% í Ísorku ehf., auk þess sem félagið á fjárfestingarverðbréf í fyrirtækjum, sem eru skráð í kauphöll, einkum Högum hf., Sjóvá hf. og Ölgerðinni hf. Starfsemi Mítru felst í innflutningi og heildsölu á dekkjum.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 12. júlí 2022. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist ekki fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því ekki að líða fyrr en 19. júlí 2022 er viðbótargögn bárust. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókn eftirlitsins á tengdum mörkuðum¹ og opinberra gagna, auk þess sem eftirlitið aflaði upplýsinga hjá hagsmunaaðilum.
3. Starfsemi samrunaaðila sem starfa á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
 - a) Egg er eignarhaldsfélag, sem á 95% hluta í BL ehf., 93% í Egg fasteignum ehf. og 83% í Ísorku ehf., auk þess sem félagið á fjárfestingarverðbréf í fyrirtækjum, sem eru skráð í kauphöll, einkum Högum hf., Sjóvá hf. og Ölgerðinni hf. Egg er í eigu hjónanna Ernu Gísladóttur og Jóns Þórs Gunnarssonar.
 - BL ehf. er bifreiðumboð fyrir 11 bifreiðaframleiðendur að Sævarhöfða 2, 110 Reykjavík, og starfar á markaði fyrir innflutning og sölu bifreiða. Hefur fyrirtækið ekki sinnt innflutningi á dekkjum að undanskildum þeim dekkjum sem eru undir bifreiðum er það flytur inn.
 - Egg fasteignir ehf. er eigandi fasteignarinnar að Sævarhöfða 2. Í téðri samrunaskrá var einnig upplýst um kaup fyrrnefnds félags á Skálagili ehf., sem er eigandi fasteignar að Tunguhálsi 15, þar sem Mítra hefur haft starfsemi sína. Var það talið rétt þar sem um samhangandi viðskipti eru að ræða.
 - b) Mítra var stofnað í lok árs 1995 og hóf starfsemi í ársbyrjun 1996. Fyrirtækið starfar á markaði fyrir innflutning og heildsölu á dekkjum. Mítra hefur hvorki selt dekk í smásölu né rekið dekkjaverkstæði. Sumir seljenda félagsins hafa rekið dekkjaverkstæði, en samningurinn nær ekki til þeirrar starfsemi og heldur hún áfram. Mítra fer ekki með yfirráð í neinum félögum.

¹ Sjá t.a.m. ákvörðun Samkeppniseftirlitisins í máli nr. 15/2019, *Kaup Motormax ehf. á eignum og rekstrarfjármunum protabús Bílanausts ehf.*, er varðar tengdan markað.



4. Í samrunaskrá segir að miðað við markaðshlutdeild félaganna, sé það mat Egg að umrædd kaup raski ekki samkeppni. Egg eða fyrirtæki í samstæðu Egg hafi ekki haft starfsemi á markaðnum fyrir innflutning og sölu dekkja á heildsölu- eða smásölustigi. Míttra sé mjög lítið fyrirtæki á þessum markaði og markaðshlutdeild innan við 5%. Samlegð af viðskiptunum verði ekki þannig að til samkeppnisröskunar komi. Hvorki Míttra eða BL fari með markaðsyferráð á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á.
5. Í samrunaskrá segir að BL hafi keypti dekk fyrir í kringum []² milljónir á liðnum árum, reyndar mest á sl. ári er kaupin voru [117] milljónir. Þá segir að þessi viðskipti munu væntanlega að stofni til halda áfram, enda þessir aðilar með umboð fyrir dekk, sem viðskiptavinir BL óski eftir eða séu nauðsynleg fyrir ákveðnar bifreiðategundir – nokkuð sem þær tegundir sem Míttra hefur flutt inn komi ekki í staðinn fyrir að öllu leyti. Telja samrunaaðilar að augljóst sé að samruninn muni hvorki breyta eða raska hagsmunum neytenda né milliliða til hins verra og hafi því ekki í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni á þessum markaði.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg, enda starfa samrunaaðilar á ólíkum mörkuðum. Sú skörun sem er á milli Míttru og bifreiðaumboðsins BL sem er í eigu Egg er takmörkuð. Þá lýstu flestir hagaðilar sem rætt var við vegna rannsóknarinnar ekki yfir neinum áhyggjum vegna samrunans.
7. Tiltekinn hagaðili gerði þó athugasemdir við umrædd kaup að því leyti að þau myndu hafa áhrif á getu minni aðila til að keppa á markaði fyrir sölu á dekkjum. Var það m.a. rökstutt með vísan til þess að skapast myndi mikil lóðrétt samþætting á sviði bíla- og dekkjasölu við kaupin. BL væri stór bílainnflytjandi á Íslandi og ræki einnig bílaleiguna Flex, og gæti því í krafti stærðar sinnar boðið upp á óeðlileg viðskiptakjör til að tryggja að samkeppni sé ekki möguleg. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samrunaaðilar geti misbeitt stöðu sinni á markaðnum í kjölfar samrunans. Ennfremur er ljóst að viðskiptavinir BL hafa ákveðna vörumerkjatryggð þegar það kemur að kaupum á dekkjum og því verði BL í sumum tilvikum að kaupa dekk af öðrum en Míttru. Með vísan til þessa telur Samkeppniseftirlitið að skaðleg lóðrétt áhrif séu ólíkleg þar sem sameinað fyrirtæki mun hvorki hafa getu né hvata til þess að útiloka aðra á markaðnum.
8. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Egg ehf. á 100% hlut í Míttru ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Trúnaðarupplýsingar.